

## **Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 6. maí 2021 kl.**

### **16:00 í netheimum í gegnum TEAMS.**

Mætt voru: Eva Einarsdóttir formaður,  
Örn Þórðarson, aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar  
Eiríkur Orri Agnarsson,  
Stefán Hilmarsson,  
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins  
Ásdís Arnalds, áheyrnarfulltrúi starfsmanna  
Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda  
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### **1. Helstu þættir skólaársins 2020 – 2021.**

Skólastarf verið með óvenjulegum hætti s.l. vetur, sem dæmi um ástandið er að útskriftarnemendur okkar hafa verið 1/3 af skólagöngu sinni í fjarnámi. Nýnemar ársins að taka staðpróf í fyrsta skipti í skólanum. Kennsla og nám allt verið með erfiðasta móti en allir gert sitt allra besta.

Peysufatadagur var haldinn með lágstemmdum hætti, 3ju bekkingar sem halda áttu peysufatadaginn 2020, mættu uppábúin til kennslu síðasta vetrardag. Dimmissjón var haldin 30. apríl, með sama sniði, án áhorfenda og í streymi. Leikfélag Keðjunnar, Fúría, var með nánast fullæfða leiksýningu þegar samkomutakmarkanir voru hertar 25. mars s.l. og gátu ekki sýnt neina sýningu.

#### **2. Aðsókn og inntaka nýnema í haust.**

Útlit fyrir góða aðsókn að skólanum fyrir næsta haust ef miðað er við tölur úr forinritun. Tekið verður inn í 8 bekki fyrir næsta skólaár. Höfum tekið inn 9 bekki undanfarin 2 ár sem hefur valdið því að skólinn er of þétt setinn.

#### **3. Rekstrarstaða og horfur.**

Farið yfir fjárhagsstöðu skólans m.v. fyrstu fjóra mánuðina. Samtal við Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur enn um endurskoðun á fjármálum skólans.

#### **4. Önnur mál.**

Útskrift stúdenta fyrirhuguð 21. maí í Háskólabíói. Vonir standa til að hægt verði að hafa nemendur í sal – án grímu ef allt fer að óskum.

Stefnt að því að halda næsta skólanefndarfund í haust þegar skólastarf er farið af stað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:55.